

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna þjónustumiðstöðvar við Selhöfða, Þjórsárdal.

Skipulagsstofnun staðfesti 6. júlí 2023 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 7. júní 2023.

Í breytingunni felst að skilgreint er um 27 ha verslunar- og þjónustusvæði VÞ26 við Selhöfða vegna áforma um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar. Skógræktar- og landgræðslusvæði SL17 minnkar samsvarandi. Felld er út aðkoma að Selfit og verður hún sameiginleg með aðkomu að þjónustumiðstöð. Áformað er að leggja veg frá þjónustumiðstöð að hóteli í Reykholti.

Málsmeðferð var samkvæmt l. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 6. júlí 2023.*

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 20. júlí 2023